

Ljómandi framtíð

— eða svarta myrkur

Öll mannanna mein eiga rót sína að rekja til þess, að sannleikurinn hefir ekki verið nógum mikils metinn.

I.

Adam Rutherford segir í stórmerkilegu riti, sem miðer komið út á íslensku, að Ísland eigi að verða kallað Eyjan helga og Íslendingar þjóðin helga. Þegar ekki inni í þeim austrænum fræðum, egyptskum og öðrum, sem hinn ágæti höfundur byggir þetta á. En þess þarf heldur ekki. Því að íslensk fortíð bendir alveg nægilega til þess að Rutherford hefir rjett fyrir sjær. Vonandi er, að ekki risi af riti haus sá mis-skilningur, að hin mikla þýðing íslensku þjóðarinnar sje í því fólgin, að hjer muni verða ein-hver stórkostleg trúarvakning. Því að það er heldur á hinn veginn. Eitt aðaleinkenni þjóðar vorrar er einmitt það, að hún hefir verið minni trúþjóð en aðrar. Verulegar trúarvakningar hafa aldrei átt sjær stað hjer. Sjálf kristnitakán varð hjer, einsog frægt er orðið, meir fyrir skynsamlega ályktum en trú-arhrifningu, og tókst einmitt af þeim ástæðum friðsamlegar og með minni skemðum fyrir norræna

menningu og norrænt mál en í öðrum löndum. Svo mikil var hið andlega frelsi hjer, að Snorri Sturluson gat á hinum myrkustu miðoldum ritad þannig um Ásgarð og Áesi og allan átrúnað himna heiðnu forfeðra vorra, að ennþá leggur ljómann af.

II.

Það er í þessa átt sem líta yero til skilnings á því, að hin örsmáa íslenska þjóð geti fengið þá stórkostlegu þýðingu fyrir alt mannkyr, sem Adam Rutherford alveg rjettilega segir að verða muni. Og vitanlega er þó ekki um það að ræða, að endurreisa himn forna átrúnað, heldur hitt, að láta sjær skiljast að hverju leyti þar var samband við sannleikann; og eigi einungis í þeim átrúnaði, heldur öllum. En það er að vaxa frá trú til þekkingar. Og það er íslensk byrjun, að skilja að verur trúar og dulrenn eru blátt áfram íbúar annara jarðstjarna. Eða rjettara sagt, að átta sig á því hversu hin ýmislegu trúarbrögð eru framkomin fyrir ýmiskonar misskilin áhrif frá slíkum verum. Framtíð mannyr usins er fundir því komin, að þetta verði lýðum fjóst, og að sambandinu við skyldar en

fullkomnari verur annarstaðar í heimi, verði komið í rjett horf, einsog ekki er neinni vafi á að takast mun, þegar af þekkingu er eftir leitað.

III.

Adam Rutherford segir ekkert um það, á hvern hátt íslenska þjóðin muni verða ljósberi fyrir alt mannkyn — einsog hann kemst að orði. Og af útlendinga verður heldur ekki til þess ætlast, að ~~þessum~~ ~~þetta~~ ~~fyrst~~ jafnvæl ekki

mann sje að ræða, og þessi ein-dæma Íslandsvinur er. Í þessu efni hlýtur upphafið að verða hjer á Íslands. Og er þegar orðið. En innen verða að sinna þessu meir en orðið er, hafa á mjer það traust sem samboðið er íslenskri greind. Menn verða að láta sjer skiljast, að það er satt sem jeg segi. Hjeðan frá Íslandi kemur öllu mannkyni, fyrrsta hjálpin til aldaskiftanna. Til að öðlast þekkingu í stað trúar. Vita af hverskonar sannleik trú-hinna heiðnu forfedra vorra var runnin. Skilja, vegna hvers oss, ríður svo mikil að því að fá samband við þær verur sem eru að baki norrænnar og íslenskrar sôgu. Og að vísu samband sem er miklu fullkomnara en það sem forfedur vorir höfðu.

IV.

Gætið að hvernig umhörfur nái á þessum útjaðri vitheims sem jörð vor er. Aldrei hafa jafn frá-leitir atburðir verið undirbúnir af annari eins kunnáttu og öðru eins kappi. En einmitt þannig er um að litast á jörð, þar sem þegar má sjá morgunroða hinna mestu sanninda, átt þess að því sje þó verulega gáumur gefimur. Því er ekki að leynt, að mannkyn jarðar vorrar er þegar komið fram á gjáarbarin glötunarinnar. Og það er vist, að ekkert getur bjárgað því ef ekki næi að lýsa ljós það sem hjer á Íslandi hefir tendrað verið fyrst. Það mannkyn verður ekki á Helvegi framar, sem uppgötvuð hefir lífið á stjörnum, sem glögt er farið að skilja tilgang lífsins, og alveg hefir lok-ð upp atgunum fyrir því hversu möguleikarnir til góðs eru stórkostlegir ef rjett er stefnt, en hörmungarnar óumræðilegar ef af er brugðið.

V.

Mikið mun verða þakklætið gagnvart þessu landi, þar sem hverskonar snild hefir átt örðugara uppdráttar í nokkrum stað öðrum, þegar þó sannileikurinn loks hefir náð að sigra, öllu manukyni til heilla. Mikill mun ljóminn verða sem leikur um Ísland og hina ísleñsku þjóð. Og ekki er ólíklegt að menu geri Adam Rutherford að heiðursborgara í Reykjavík og reisi honum síðan fagran minnisvarða, þegar ljóst er örðið hversu furðulegt lið hann hefir lagt himum mikla málstað Nema þá svo fari að einn verði óhamingja Íslands svo mögnuð, að það verði ekki bjartasti bletturinn sem betur hefir, heldur hinn svartasti, svo að í stað Íjómandi framtíðar verði svarta myrkur.

2. apríl 1939.

Helgi Pjeturss.

Hermann Þ. framtíð er —
Mbl. 27 apríl 1939